við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsgr. 27. gr. laganna orðist þannig:
   Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 7.15 millj. kr. árlega frá 1963—1985, að báðum árum meðtöldum.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „40 þúsund“ í 1. málsgr. 48. gr. laganna komi: 50 þúsund.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir orðunum „örðugan fjárhag“ í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.
4. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.